

225

15. des.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fridag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar. Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Enn fremur eru undanskildar ákvæði þessu þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk, að því er þessar vörur snertir. Þær mega hafa opið frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h. áðurtalda daga.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í verzlunum, á strætum og torgum, eða annars staðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og aðrar nauðsynjar handa skipum.

5. gr.

Menn, sem kommir eru í verzlunir fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum og renna þær í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt nr. 71 19. maí 1939, um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1943.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

226

16. des.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Korta- og bókasafnssjóð Stýrimannaskólans“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Korta- og bókasafnssjóð Stýrimannaskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Korta- og bókasafnssjóður stýrimannaskólans og er eign Stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Viggo Emil Þorgilsson, nemanda skólans, er lézt af slysförum í júní 1941.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur.

226

16. des.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru ársvextir af höfuðstól hans, eins og hann er á hverjum tíma, ásamt fé því, er sjóðnum kann að áskotnast í gjöfum eða áheitum. Allt slíkt fé og hálfar vaxtatekjur leggst við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt, helzt í skuldabréfum veðdeildar, ríkis eða Reykjavíkurbæjar, og svo í sparisjóði Landsbanka Íslands.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa fundargerðabók, er í séu skráðar fundargerðir hennar og ársreikningar sjóðsins. Reikningsár hans er almanaksárið.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er einkum að stuðla að því, að Stýrimannaskólinn í Reykjavík eignist sem fullkomnast sjóðkorta- og bókasafn, en einnig er ætlast til þess, að keypt verði, ef ástæður leyfa, nokkur eintök af hinum dýrustu námsbókum, sem notaðar eru við skólann á hverjum tíma, og verði þær lánaðar ókeypis fátækum nemendum skólans, meðan á námi stendur, eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar. Helmingi árlegra vaxta sjóðsins má verja til korta- og bókaþauka.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, og eru tveir sjálfkjörnir: skólastjóri stýrimannaskólans, sem er formaður hennar og hefur undir höndum verðmæti sjóðsins, og formaður prófnefndar skólans. Hinir 3 skulu kosnir af nemendum skólans, til eins árs í senn í byrjun námstímans, og séu tveir úr fiskimannadeild, en einn úr farmannadeild skólans. Kýs hvor deildin fulltrúa í stjórnina án íhlutunar hinnar.

Falli stjórnarmeðlimur úr hópi nemenda frá eða fari úr stjórn af einhverjum ástæðum, skal kjósa mann í hans stað við fyrstu hentugleika.

9. gr.

Í janúarmánuði ár hvert heldur sjóðstjórnin aðalfund, og ákveður hvernig verja skuli þeim helmingi vaxtatekna sjóðsins, sem það ár falla til útborgunar úr sjóðnum. Verði afgangur af því fé, leggst hann við höfuðstólinn. Formaður prófnefndar er ritari stjórnarinnar og ritar gerðabók sjóðsins, en formaður semur ársreikning hans. Allir fundarmenn undirrita fundargerðir. Meiri hluti atkvæða stjórnarmeðlima, sem allir hafa jafnan atkvæðisrétt, ræður úrslitum á stjórnarfundum. Formaður boðar stjórnarfundi þegar hann telur það nauðsynlegt, og ákveður fundartíma, en fundarstaður er stýrimannaskólinn.

Fundur er lögmetur ef þrír stjórnarmeðlimir sitja hann, enda sé formaður einn þeirra.

10. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins nemur kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund — krónum er heimilt að endurskoða skipulagsskrá þessa og breyta tilgangi sjóðsins og vikka starfsvið hans, ef ástæða þykir til, og má úr því nota allar tekjur sjóðsins í þeim tilgangi, sem skipulagsskráin þá ákveður. Fyrsta grein, önnur grein, þriðja grein, tólfta grein og 2. málsgrein fjórðu greinar þessarar skipulagsskrár, eru í gildi eftir sem áður.

226 Verði breytingar gerðar á skipulagsskránni, samkvæmt því, sem áður segir, skal
16. des. og gæta eftirfarandi fyrir mæla:

- a. Tekjur, sem ekki eru notaðar eitthvert árið, skulu leggjast við höfuðstólinn, nema um einhver kaup sé að ræða, sem krefjast meira fjár en fallið hefur til útborgunar á árinu. Má þá geyma árstekjurnar og verja þeim til kaupanna ásamt tekjum næsta árs á eftir.
- b. Þáverandi stjórn sjóðsins skal semja hina nýju skipulagsskrá og samþykkja hana með meiri hluta atkvæða á ársfundi sjóðsins eða öðrum sérstökum fundi, sem til er stofnað í því skyni, en nemendur skólans skulu þá, áður en skipulagsskráin er endursamin, kjósa sameiginlega (fiskimannadeild og farmannadeild) 2 menn til viðbótar í stjórnina, er eigi sæti í henni og atkvæðisrétt, meðan breytingin fer fram. Skal annar þeirra vera úr kennaraliði skólans, en hinn gamall nemandi, sem ekki er að neinu leyti í þjónustu hans.

11. gr.

Skipulagsskrá þessa skal færa inn í fundargerðabók sjóðsins á undan fyrstu fundargerð hans, dagsetta og undirritaða af fyrstu stjórn sjóðsins, en gjafabréf það, er hún byggist á, skal fest inn fremst í bókina.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af stjórn sjóðsins í samræmi við ákvæði gjafabréfs hjónanna Ágústínu Viggósdóttur og Þorgils Ingvarssonar, dagsett 2. marz 1942, og skal leitað staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á henni.

13. gr.

Skipulagsskrána skal prenta eða fjölrita, og skal henni útbýtt meðal nýrra nemenda skólans í byrjun hvers skólaárs.

227 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðlauna- og styrktarsjóð Páls
16. des. Halldórssonar skólastjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlauna- og styrktarsjóð Páls Halldórssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frjálsum samskotum nemenda og samkennara Páls Halldórssonar, fyrrverandi stýrimannaskólastjóra, í minningu um 40 ára starf hans við skólann. Stofnféð er kr. 20000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

1. að örva nemendur stýrimannaskólans til reglusemi, ástundunar og skyldurækni við námið, með því að veita þeim opinberan viðurkenningarvott skólans;
2. að gera föstum kennurum skólans fært að fara utan með hæfilegu millibili, til þess að geta fylgt með öllum nýjum og nýtum framförum í kennslugreinum þeirra, svo að öll þróun á því sviði geti sem fyrst borizt hingað og orðið þjóðvorri til nytsemdar;